

- 21** Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófs-
1. febr. vottorð.
Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr., og renna þær í háskólasjóð.

31. gr.

Hver sá, er hlotið hefir doktorsnafnbót, hefir rétt til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rétti sínum, getur háskólaráð svipt hann réttinum.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1936, og ganga þá jafnframt úr gildi lög um stofnun háskóla, nr. 35 1909.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

22

1. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Úr 2. gr. laganna falli burt orðin „utan Reykjavíkur“.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skytt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skytt að tryggja í félaginu öll hús utan kaup-

staða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda 22
 séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri 1. febr.
 brunahættu með þeim.

Ákvæði fyrri málsliðs þessarar greinar um váttryggingarskyldu í félaginu nær þó ekki til húseigna í Reykjavíkurborg.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er félaginu að taka í eldsvoðaábyrgð öll hús í sveitum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar, um váttryggingarskyldu í félaginu.

Heimilt er félaginu svo og, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík með sérstökum samningi við bæjarstjórn.

Ennfremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hverskonar lausafé, nema verzlunarvörur í kaupstöðum og kauptúnum.

4. gr.

Önnur málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

	Í kaupstöðum og kauptúnum.		Í sveitum utan kauptúna.	
	Hús.	Lausafé.	Hús.	Lausafé.
1. Steinhús	kr. 20000.00	4000.00	12000.00	4000.00
2. Timburhús eldvarnarkl. —	15000.00	3000.00	10000.00	3000.00
3. Önnur hús	— 10000.00	2000.00	8000.00	2000.00

Þegar aðeins er um lausafjártryggingu að ræða, eða í húsi, sem ekki nær ofangreindu hámarki, má félagið hafa á eigin ábyrgð allt að þrefaldri upphæð á lausafé, þó aldrei hærra en samanlögð upphæð á húsi og lausafé, eins og að framan er greint.

Áhættucining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um óaðgreinanlega brunahættu er að ræða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.